

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 62/95
frá 29. september 1995**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.
41/95 frá 22. júní 1995⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/12/EB frá 23. mars 1994 um ráðstafanir gegn
loftmengun frá útblæstri ökutækja og um breytingu á tilskipun 70/220/EBE⁽²⁾ skal felld inn í
samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. lið (tilskipun ráðsins 70/220/EBE) í I. kafla II. viðauka við
samninginn:

„- 394 L 0012: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/12/EB frá 23. mars 1994 (Stjtið.
EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 42).“.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L ... 1995, bls. ... og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. ... , bls.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 42.

2. gr.

Í annarri málsgrein aðlögunarinnar við I. kafla komi „93/59/EBE og 94/12/EB“ í stað „93/59/EBE“.

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar 94/12/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 29. september 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Berg

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

M. Sucker.